

## Skólaráðsfundur í Ingunnarskóla 17.10.25

Mættir eru Guðlaug, Aðalheiður, Ólöf, Halla, Hrefna, Ingibjörg, Erna, Brynja, Kolbeinn, Lilja Jóhanna og Írena

Nýir fulltrúar boðnir velkomnir og stuttlega farið yfir hlutverk skólaráðs en hefti um hlutverk skólaráðs hafði einnig verið sent fyrir fundinn.

### **Rætt um dagskrá skólaráðsins í vetur og fundartíma.**

Öllum leyst vel á funda kl. 8:10 á föstudagsmorgun og eru sátta við þá fundi sem búið er að setja í áætlun skólaársins.

### **Námsviðtöl – Fyrirkomulag og upplifun allra fulltrúa.**

Almenn ánægja var með fyrirkomulag nemendastýrðra námsviðtala. Foreldrum, nemendum og kennurum fannst þessi breyting vera jákvæð og vilja halda því áfram að vera með annað viðtalið yfir skólaárið með þessum hætti.

### **Skólabyrjun, húsnæði skólans – Framkvæmdir.**

Skólastjóri fór yfir þær framkvæmdir sem voru fyrirhugaðar og einnig hvað búið var að gera. Skipta á gólfefni á öllum skólanum sem þýðir að allir nemendur verða án heimastofu í 2 vikur. Byrjað var á þessari vinnu seinni partinn í ágúst en ekki náðist að gera þetta í sumar eins og hefði verið ákjósanlegast því að gólfefnið var ekki komið fyrir en í ágúst.

Rætt var um framkvæmdir á miðrymi skólans, hjartarými Stjörnulands og samnýtingu við Ingunnarskóla. Búið er að hanna og panta húsgögn á hjartarýmið þar sem áður var bókasafn.

Einnig var rætt um framkvæmdir í anddyri skólans en búið var að hanna nýtt skipulag og samþykkja framkvæmdir. Byrjað var á þessari vinnu fyrir ári en þær hafa ekki haldið áfram. Fulltrúar foreldra nefna að óheppilegt sé að þetta sé ekki klárað, skáparnir sem eru núna eru ekki heppilegir, ekki hægt að hengja upp yfirhafnir og þær liggja oft ofan á blautum skóm. Einnig er ákveðin hljóðmengun sem skapast inn í mötuneyti sem og gustur/kuldi. Rætt var um að skólastjóri myndi senda beiðni og ítrekun frá skólaráðinu til borgarinnar um að þetta væri klárað eins og átti að gera.

### **Starfsáætlun skólans.**

Drög af áætlunni voru send þann 3. okt. til skólaráðsins og fólk hvatt að lesa yfir og koma með athugasemdir. Fulltrúar foreldra óskuðu eftir lengri tíma og sendu síðan góðar

ábendingar 19. október. Annars var starfsáætlun skólans samþykkt. Bent var á að starfsáætlunin væri ávallt í vinnslu og væri gott að fá fleiri ábendingar ef fólk hefur tíma til að skoða betur síðar.

### **Jólaþorpið 18. desember kynnt og rætt.**

Almenn ánægja er með fyrirkomulagið og hefur þetta tekist vel þau tvö skipti sem jólaþorpið hefur verið áður. Jólaþorpið verður haldið 18. desember klukkan 17:00-19:00 og er þá skólinn opin og margskonar jóladagskrá.

### **Önnur mál**

Fulltrúar foreldra benda á að foreldrar eru í miklum vandræðum vegna þess að það fá ekki öll börn pláss í í Stjörnulandi í upphafi skólaárs sem þess þurfa. Þessi vandi hefur verið viðvarandi á hverju hausti undanfarin ár og telja foreldrar að þörf sé á að breyta einhverju í ráðningarferlinu eða heildarskipulaginu svo þetta gangi betur. Fulltrúar foreldra ætla að taka saman bréf til skólayfirvalda og benda á þennan varnda með væntingar um úrbætur.

Fundi slitið.

Fundarritari: Guðlaug